



## 1549. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
14.6.2013, kl. 8:30

Frímenn Ari Ferdinandsen

### 1. Fundargerð 1548. fundar

Samþykkt.

### 2. Reglur ÍBR og ÍTR um styrki vegna æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum

Farið yfir drög. Frímenn sendir uppfært skjal á stjórn. Ef engar athugasemdir berast fyrir nk. þriðjudag telst skjalið samþykkt og verður sent til ÍTR. Sérstaklega rætt um að senda reikninga til sérsambanda vegna notkunar á tímum aðildarfélaganna ÍBR.

### 3. Erindi Íslenskra getrauna

Farið yfir fyrirbyggjandi minnisblað og þær hugmyndir sem þar koma fram samþykktar. Samþykkt að fá lögfræðing til að fara yfir lögmati á núverandi greiðslufyrirkomulagi Getrauna.

### 4. Landsmót UMFÍ 2013

Samkvæmt upplýsingum frá aðildarfélögum má áætla að þátttakendur verði um 100. Samþykkt að ÍBR útvegi fatnað til að samræma útlit þátttakenda á vegum bandalagsins en greiði ekki þátttökugjöld.

### 5. Aðalskipulag Reykjavíkur

Lagt fram fyrir stuttu. Þar m.a. gert ráð fyrir byggingum fyrir neðan Suðurlandsbraut. Í þessu sambandi m.a. rætt að það vantar heildarskipulag fyrir Laugardalinn. Samþykkt að óska eftir nánari kynningu frá Reykjavíkurborg í haust.

### 6. Önnur mál

- Afreksviðurkenningar ÍBR

Í tengslum við kveðjuleik Ólafs Stefánssonar, rætt að ÍBR þurfi að finna leið til að heiðra afreksíþróttafólk fyrir farsælan feril. Samþykkt að mynda hóp sem kemur með tillögur að útfærslu: Björn (form.), Örn og Gígja.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 9:30.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari